

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2000 að telja um 3,6% frá því sem þær voru í desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

20. desember 1999

Nr. 910

AUGLÝSING

um gjaldskrá (3) fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.
- b. Greiðsla fyrir hverja meðferð:
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla kr. 700,00
- c. Telji meðferðaraðili sig þurfa herra gjald fyrir meðferðina en að ofan getur skal hann leita heimildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til gjaldtökunnar og er þá heimilt að sjúklingur beri þann mismun.
Gjald sjúklings skal auglýsa með áberandi hætti á meðferðarstað.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. janúar 2000. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá skv. auglýsingu nr. 662 frá 30. október 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.